Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Reykjavík, 22. júlí 2019
R19050193

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

***Rammasamningur um hópbifreiðaþjónustu fyrir Reykjavíkurborg - EES útboð nr. 14564***

Tilboð í ofangreint útboð voru opnuð þann 27. júní sl. og skiluðu alls fimm fyrirtæki inn tilboði. Rammasamningsútboðið náði yfir þrjá hluta og var bjóðendum heimilt að bjóða í einstaka hluta útboðs. Allir bjóðendur uppfylltu kröfur rammasamningsgagna en þeir voru; Hópbílar hf., Hópferðamiðstöðin – Trex hef., SBA Norðurleiðir hf., Snæland Grímsson ehf. og Teitur Jónasson ehf. og buðu þeir í eftirtalda hluta:

| **Hluti 1** | **Hluti 2 og 3** |
|---|---|
| Hópferðamiðstöðin – Trex ehf. | Hópbílar hf. |
| SBA Norðurleiðir hf. | Hópferðamiðstöðin – Trex ehf. |
| Snæland Grímsson ehf. | SBA Norðurleiðir hf. |
| Teitur Jónasson ehf. | Snæland Grímsson ehf. |
| | Teitur Jónasson ehf. |

Samanber grein 1.1.17 útboðsgagna verður samið við allt að þrjá bjóðendur með hagstæðustu gildu tilboð í hluta 1 (Reglubundinn akstur skóla- og frístundasviðs) og alla bjóðendur sem uppfylla hæfiskröfur útboðsgagna í hluta 2 (vetfangsferðir fyrir grunn-, leik-, vinnuskóla og frístundastarf) og hluta 3 (Almennur akstur fyrir Reykjavíkurborg).

Innkaupaskrifstofa leggur til við Innkauparáð að samið verði við Hópferðamiðstöðin Trex ehf., Snæland Grímsson ehf. og Teitur Jónasson ehf. í hluta 1, sbr. meðfylgjandi matslíkan:

| Stigagjöf vegna hluta 1 í rammasamningsútboði nr. 14564 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bjóðandi | Vegið meðalverð | Stig f. verð | Eurostaðall/einkunn | Loka einkunn |
| Teitur Jónasson ehf. | 14.899,99 | 80,0 | 19,3 | 99,3 |
| Trex ehf. | 14.992,51 | 79,5 | 11,3 | 90,8 |
| Snæland Grímsson ehf | 18.295,39 | 65,2 | 20 | 85,2 |
| SBA-Norðurleið | 21.586,26 | 55,2 | 11,2 | 66,4 |

Stig eru veitt í samræmi við ákvæði 1.1.17 gr. útboðsgagna.

Innkaupaskrifstofa leggur einnig til að samið verið við alla fimm aðilana, Hópbílar ehf., Hópferðamiðstöðin – Trex ehf., SBA Norðurleiðir hf., Snæland Grímsson ehf. og Teitur Jónasson ehf. í hluta 2 og 3.

Framangreind fyrirtæki hafa öll staðist fjárhagsskoðun í samræmi við ákvæði útboðsgagna.

Hektor Már Jóhannsson

Hektor Már Jóhannsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar